

**Úr fundargerð borgarráðs 10. júlí 2008:**

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra:

Borgarráð samþykkir að gefa knattspyrnufélaginu Víkingi fyrirheit um stækkun athafnasvæðis félagsins eftir að núgildandi leigusamningur við gróðrastöðina Mörk rennur út, árið 2016. Um er að ræða lóð á svæði gróðrastöðvarinnar að Stjörnugróf 18. Jafnframt samþykkir borgarráð að beina því til skipulagsráðs að það láti kanna möguleika á nýrri staðsetningu gróðrastöðvarinnar Markar í samráði við eigendur hennar. Fyrirheitið er með fyrirvara um ákvarðanir sem kunna að verða teknar varðandi stækkun athafnasvæðis félagsins í framkvæmda- og eignaráði, skipulagsráði og íþrótta- og tólmstundaráði. Enn fremur er fyrirvari vegna breytinga á deiliskipulagi, sem nauðsynlegar eru í þessu skyni.

Greinargerð fylgir tillögunni. R08060004  
Samþykkt með 6 samhljóða atkvæðum.

Borgarráð

### *Tillaga borgarstjóra til borgarráðs*



Borgarráð samþykkir að gefa knattspyrnufélaginu Víkingi fyrirheit um stækkun athafnasvæðis félagsins eftir að núgildandi leigusamningur við gróðrastöðina Mörk rennur út, árið 2016. Um er að ræða lóð á svæði gróðrastöðvarinnar að Stjörnugróf 18. Jafnframt samþykkir borgarráð að beina því til skipulagsráðs að það láti kanna möguleika á nýrri staðsetningu gróðrastöðvarinnar Markar í samráði við eigendur hennar. Fyrirheitið er með fyrirvara um ákvarðanir sem kunna að verða teknar varðandi stækkun athafnasvæðis félagsins í framkvæmda- og eignaráði, skipulagsráði og íþróttá- og tómstundaráði. Enn fremur er fyrirvari vegna breytinga á deiliskipulagi, sem nauðsynlegar eru í þessu skyni.

Greinargerð:

Aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Víkings, Traðarlandi 1, Reykjavík, hefur farið þess á leit við borgarráð að félaginu verði tryggt stærra athafnasvæði vegna starfsemi sinnar. Telur stjórnin að félaginu sé að öðrum kosti ekki mögulegt að bregðast við auknum kröfum um fjölbreytt verkefni á komandi árum. Núverandi stærð athafnasvæðis Víkings er um 53 þús. ferm., þar af um 10 þús. ferm. í landi Kópavogs. Á lóðinni nr. 18 við Stjörnugróf sem liggur að athafnasvæði Knattspyrnufélagsins Víkings, er nú rekin gróðrastöðin Mörk. Stærð þeirrar lóðar er 19.415 ferm., en auk þess nýtir gróðrastöðin aðlæga spildu í landi Kópavogs. Lóðarleigusamningur um Stjörnugróf 18 gildir til ársloka 2016. Lagt er til að þegar skilyrði verði til stækkunar, að teknu tilliti til framangreindra fyrirvara, skuli knattspyrnufélaginu úthlutað formlega viðbótar athafnasvæði fyrir starfsemi félagsins. Verði þá jafnframt kveðið á um nánari úthlutunarskilmála, þ.á.m. um greiðslu gjalda. Jafnframt er lagt til að borgarráð beini því til skipulagsráðs, að það láti kanna möguleika á nýrri staðsetningu fyrir starfsemi gróðrastöðvarinnar Markar í samráði við eiganda hennar.

Ólafur F. Magnússon





KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ  
**VÍKINGUR**

Traðarlandi 1 • 108 Reykjavík  
Kt. 700269-0789  
Sími 581 3245 • Fax 588 7845  
www.vikingur.is

Borgarráð Reykjavíkur,  
Ráðhúsi Reykjavíkur,  
101 Reykjavík.

Reykjavík, 26. maí 2008.

Ágæta Borgarráð.

Aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Víkings hefur um árabíl talið nauðsynlegt að tryggja félaginu stærra athafnasvæði.

Í því sambandi hafa áður verið send erindi til Reykjavíkurborgar, þar sem óskað hefur verið eftir viðræðum, sem leitt gætu í ljós ákveðna afstöðu borgaryfirvalda um hvaða framtíðarsýn hefur verið mótuð fyrir félagið í Fossvogsdalnum.

Fulltrúar Víkings hafa á undanförunum árum komið þeirri skoðun sinni á framfæri í viðræðum við borgaryfirvöld að líklegasti möguleikinn til stækkunar á athafnasvæði Víkings, felist í að landi því sem Gróðrarstöðin Mörk hefur á leigu frá borginni fyrir starfsemi sína til ársins 2016, verði ráðstafað til félagsins. Lóðarleigusamningur gróðrarstöðvarinnar rann út árið 2007, en var þá framlengdur til ársins 2016, þrátt fyrir mótmæli aðalstjórnar Víkings.


Auknar kröfur eru gerðar til félagsins um fjölbreytt og faglegt íþróttastarf, sem og gott aðgengi almennings, þar sem í boði verði fjölbreyttir möguleikar til útivistar og hreyfingar fyrir alla aldurhópa.


Í þessu efni er landrými einn af þeim þáttum sem skipta miklu máli fyrir framtíð félagsins, svo það verði í stakk búið til að takast á við verkefni komandi ára.

Aðalstjórn fyrir hönd Knattspyrnufélagsins Víkings fer þess á leit við borgarráð Reykjavíkurborgar, að gerður verði á þessu ári samningur milli aðila sem tryggir Knattspyrnufélaginu Víking landsvæði það sem Gróðrarstöðin Mörk hefur leigusamning um til ársins 2016.

Með vinsemd og virðingu.

f.h. aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Víkings.

  
Þór Símon Ragnarsson form.

  
Þórarinn E. Sveinsson framkv.stj.